

**ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR**  
**nr. 50/2016**

2017/EES/66/10

frá 18. mars 2016

**um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn**

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, (hér eftir „EES-samningurinn“), einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/2046 frá 16. nóvember 2015 um að samþykkja ekki *Artemisia absinthium* L. sem grunnefni í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1107/2009 um setningu plöntuverndarvara á markað (<sup>1</sup>).
- 2) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/2069 frá 17. nóvember 2015 um samþykki fyrir grunnefninu natríumvetniskarbónati, í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1107/2009 um setningu plöntuverndarvara á markað, og um breytingu á viðaukanum við framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 540/2011 (<sup>2</sup>).
- 3) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/2082 frá 18. nóvember 2015 um að samþykkja ekki *Arctium lappa* L. (plöntuhluta sem eru ofanjarðar) sem grunnefni í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1107/2009 um setningu plöntuverndarvara á markað (<sup>3</sup>).
- 4) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/2083 frá 18. nóvember 2015 um að samþykkja ekki *Tanacetum vulgare* L. sem grunnefni í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1107/2009 um setningu plöntuverndarvara á markað (<sup>4</sup>).
- 5) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/2085 frá 18. nóvember 2015 um samþykki fyrir virka efninu mandestróbbíni, í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1107/2009 um setningu plöntuverndarvara á markað, og um breytingu á viðaukanum við framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 540/2011 (<sup>5</sup>).
- 6) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/2233 frá 2. desember 2015 um breytingu á framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 540/2011 að því er varðar skilyrði fyrir samþykki fyrir virka efninu haloxýfóp-P (<sup>6</sup>).
- 7) II. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það.

TEKIÐ EFTIRFARANDI ÁKVÖRDUN:

I. gr.

Eftirfarandi breytingar eru gerðar á XV. kafla II. viðauka við EES-samninginn:

---

(<sup>1</sup>) Stjtuð. ESB L 300, 17.11.2015, bls. 6.

(<sup>2</sup>) Stjtuð. ESB L 301, 18.11.2015, bls. 42.

(<sup>3</sup>) Stjtuð. ESB L 302, 19.11.2015, bls. 85.

(<sup>4</sup>) Stjtuð. ESB L 302, 19.11.2015, bls. 87.

(<sup>5</sup>) Stjtuð. ESB L 302, 19.11.2015, bls. 93.

(<sup>6</sup>) Stjtuð. ESB L 317, 3.12.2015, bls. 26.

1. Eftirfarandi undirliðir bætast við í lið 13a (framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 540/2011):

„– **32015 R 2069**: Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/2069 frá 17. nóvember 2015 (Stjtið. ESB L 301, 18.11.2015, bls. 42),

– **32015 R 2085**: Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/2085 frá 18. nóvember 2015 (Stjtið. ESB L 302, 19.11.2015, bls. 93),

– **32015 R 2233**: Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/2233 frá 2. desember 2015 (Stjtið. ESB L 317, 3.12.2015, bls. 26).“

2. Eftirfarandi liðir bætast við á eftir lið 13zzzzzj (framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/1397):

„13zzzzzk. **32015 R 2046**: Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/2046 frá 16. nóvember 2015 um að samþykkja ekki *Artemisia absinthium* L. sem grunnefni í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1107/2009 um setningu plöntuverndarvara á markað (Stjtið. ESB L 300, 17.11.2015, bls. 6).

13zzzzzl. **32015 R 2069**: Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/2069 frá 17. nóvember 2015 um samþykki fyrir grunnefninu natríumvetniskarbónati, í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1107/2009 um setningu plöntuverndarvara á markað, og um breytingu á viðaukanum við framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 540/2011 (Stjtið. ESB L 301, 18.11.2015, bls. 42).

13zzzzzm. **32015 R 2082**: Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/2082 frá 18. nóvember 2015 um að samþykkja ekki *Arctium lappa* L. (plöntuhluta sem eru ofanjarðar) sem grunnefni í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1107/2009 um setningu plöntuverndarvara á markað (Stjtið. ESB L 302, 19.11.2015, bls. 85).

13zzzzzn. **32015 R 2083**: Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/2083 frá 18. nóvember 2015 um að samþykkja ekki *Tanacetum vulgare* L. sem grunnefni í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1107/2009 um setningu plöntuverndarvara á markað (Stjtið. ESB L 302, 19.11.2015, bls. 87).

13zzzzzo. **32015 R 2085**: Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/2085 frá 18. nóvember 2015 um samþykki fyrir virka efninu mandestróbíni, í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1107/2009 um setningu plöntuverndarvara á markað, og um breytingu á viðaukanum við framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 540/2011 (Stjtið. ESB L 302, 19.11.2015, bls. 93).“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti framkvæmdarreglugerða (ESB) 2015/2046, (ESB) 2015/2069, (ESB) 2015/2082, (ESB) 2015/2083, (ESB) 2015/2085 og (ESB) 2015/2233, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 19. mars 2016, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi farið fram (\*).

(\*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 18. mars 2016.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

***Claude Maerten***

formaður.